



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Arkitekt Suðurgata 39 101  
Reykjavík (354) 570 13 00  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

Akureyrarbær  
Skipulagssvið  
Geislagata 9  
600 Akureyri

Reykjavík, 22. júní 2021  
MÍ202105-0078 / 6.09 / M.G.

### Efni: Deiliskipulag - Drottningarbrautarreitur, Akureyri

Með tölvubréfi dagsettu 17.5.2021 óskaði Margrét M. Róbertsdóttir f.h. skipulagssviðs Akureyrarbæjar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi fyrir Drottningarbrautarreit. Gögn voru sótt á vef Akureyrarbæjar: breytingaruppdráttur *Tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Drottningarbrautarreits*, dagsettur 23.04.2021.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Til er fornleifaskráning fyrir Akureyrarbæ frá árunum 1996-1998. Skráningin uppfyllir ekki nágildandi staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu vegna skipulags en þar sem skipulagssvæðið er allt raskað og á uppfyllingu er ekki þörf á fornleifaskráningu. Til er húsakönnun fyrir svæðið, Drottningarbrautarreitur – Hafnarstræti, Akureyri, unnin af Árna Ólafssyni 2012 og er þar fjallað um Hafnarstræti 82 sem byggt var 1919 og er því aldursfriðað samkvæmt lögum um menningarminjar.

Svakallaður Drottningarbrautarreitur afmarkast af Drottningarbraut, Austurbrú, Hafnarstræti og Kaupvangsstræti en umrædd breytingartillaga tekur til suðurhluta svæðisins, sunnan við Hafnarstræti 86a og nýbyggingu við Austurbrú. Í dag blasir Akureyrarkirkja og byggðin uppi á brekkunni við þegar ekið er um Drottningarbraut í átt að miðbæ Akureyrar. Jafnframt sjást þar vel húsin við Hafnarstræti sem teljast umsagnarskyld skv. lögum um menningarminjar og hafa varðveisslugildi vegna byggingarlistar þeirra, sögu, aldurs og mikilvægis í bæjarmyndinni. Hafnarstræti 82 var reist árið 1919 skv. fasteignaskrá og er því friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og allar breytingar á húsinu háðar leyfi Minjastofnunar Íslands.

Í greinargerð með gildandi skipulagi á reitnum, sem nú stendur til að breyta, segir í kafla 1.1.5. að „Nýbyggingar skulu taka mið af yfirbragði gömlu byggðarinnar, hvað snertir stærðir og hlutföll, form og efnisval, eftir því sem við á – hvort sem um verður að ræða nútímalega byggingarlist eða byggingar í gömul stíl.“ Í tillögunni er gert ráð fyrir að nýbyggingar verði einni hæð hærri en heimilt er samkvæmt nágildandi skipulagi. Mikilvægt er að gæta að hæð og kvarða byggðar á þessum stað og huga að áhrifum hennar á upplifun við aðkomu að bænum og ásýnd þeirrar byggðar sem fyrir er við Hafnarstræti. Í því samhengi telur Minjastofnun jákvætt að reit H80 verði skipt í fleiri lóðir og byggingarmassinn brotinn upp en hins vegar telur stofnunin

María Gísladóttir

[maria@minjastofnun.is](mailto:maria@minjastofnun.is)

nýbyggingarnar sem sýndar eru í breytingartillögumni vera of háar. Ljóst er að svo háar byggingar munu skyggja á hina eldri byggð frá veginum og ekki síður á útsýni frá veginum að hinum einkennandi turnum Akureyrarkirkju sem gnæfa yfir byggðinni og eru eitt þekktasta kennileiti Akureyrarbæjar. Að mati Minjastofnunar væri eðlilegt að miða hámarkshæð nýbygginga við hæð þeirrar byggðar sem fyrir er, bæði eldri byggðar við Hafnarstræti og nýlegra húsa norðar á Drottningarbrautarreit, eins og gert er í gildandi skipulagi.

Minjastofnun telur tillögu um að færa byggingarreit við Hafnarstræti 82 frá norðurenda hússins að suðurenda þess ekki vera heppilega þar sem viðbygging við suðurenda hússins hefði áhrif á útskorna sperruenda, glugga og dyr á suðurgafli þess. Betur færi á því að lengja húsið til norðurs eins og gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi, þar sem brunagafl er á norðurhlið hússins. Tillaga að heimild fyrir svöllum á vesturhlið hússins er einnig háð leyfi Minjastofnunar.

*Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að reistar verði nýbyggingar á svokölluðum Drottningarbrautarreit en setur út á hæð nýbygginganna eins og þær eru kyntar í breytingartillögumni sem hér er til umsagnar. Stofnunin gerir einnig athugasemd við tillögu að breyttum byggingarreit við Hafnarstræti 82 frá norðurenda hússins að suðurenda þess og tillögu að heimild fyrir svöllum á vesturhlið hússins. Að mati Minjastofnunar hefði sú breyting óæskileg áhrif á útlit og einkenni hins friðaða húss.*

Akureyrarbær hefur einkennandi ásýnd og mikinn heildarsvip. Eldri hverfi bæjarins hafa mikið menningarsögulegt og umhverfislegt gildi og ástæða er til að varðveita heildaryfirbragð hinnar eldri byggðar í bænum. Mikil inngríp í einstaka eldri hús og bygging hærri nýbygginga en þeirrar byggðar sem fyrir er á hverju svæði munu veikja samhengi í nærumhverfi þeirra og rýra um leið svipmót Akureyrarbæjar í heild sinni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir  
minjavörður Norðurlands eystra

Mára Gísladóttir

María Gísladóttir  
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit sent:

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Sviðsstjóri skipulagssviðs Akureyrarbæjar ([peturingi@akureyri.is](mailto:peturingi@akureyri.is))

Verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ ([margretr@akureyri.is](mailto:margretr@akureyri.is))

Minjasafnið á Akureyri ([minjasafnid@minjasafnid.is](mailto:minjasafnid@minjasafnid.is))

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvárdanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili málს óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slískur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.